

Ný-útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um pyngd á bögglum, er senda á milli konungsríkisins og Færeyja annars vegar og Íslands hins vegar, undirskrifuð af innanríkisstjórninni og ráðgjafanum fyrir Ísland 29. októbr. 1886 (A nr. 21, bls. 82—83).

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 11. nóvember 1886 (A nr. 22, bls. 84—85).

Lög um prentsmiðjur, undirskrifuð af konungi 4. desbr. 1886 (A nr. 23, bls. 86—89).

Lög um breyting á lögum um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum 14. desbr. 1877, undirskrifuð af konungi 4. desember 1886 (A nr. 24, bls. 90—91).

Lög um breyting á lögum 8. jan. 1886 um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar, undirskrifuð af konungi 4. desember 1886 (A nr. 25, bls. 92—93).

Lög um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjörðina Höfðahús í Fáskrúðsfjarðarhreppi í Suðurmúlasýslu, undirskrifuð af konungi 4. desember 1886 (A nr. 26, bls. 94—95).

Tilskipun um rjett kvenna til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykjavík, prestaskólans og læknaskólans, og til að njóta kennslu á þessum síðartöldu skólum, undirskrifuð af konungi 4. desember 1886 (A nr. 27, bls. 96—99).

Auglýsing um að hinum innlendu, af eigenda hálfu óuppsegjanlegu ríkisskuldum með 4 hundruðustu í vöxtu, sje sagt upp til útborgunar 11. marz 1887 eður til leigubreytingar í 3½ af hundraði, undirskrifuð af ráðgjafanum 31. desember 1886 (A nr. 28, bls. 100—107).

Reikningur

4

Gjafasjóðs Hannesar prestaskólakennara Árnasonar 1886.

Tekjur.

1. Sjóður við ársbyrjun:		
a. ríkisskuldabryf	kr. 33600,00	
b. í Sparisjóði Reykjavíkur	— 1142,20	kr. 34742,20
2. Ársvextir:		
a. af ríkisskuldabryfum 1/6 og 1/12 '86	— 1344,00	
b. eftir sparisjóðsbók	— 42,99	— 1386,99
	Samtals kr. 36129,19	

Gjöld.

1. Líffje Sigríðar Árnadóttur, systur gefandans (11. júní og 11. desember 1886)	— 400,00
2. Sjóður við árslok:	
a. ríkisskuldabryf	kr. 33600,00
b. í sparisjóði Reykjavíkur	— 2129,19 — 35729,19
	Samtals kr. 36129,19

Reykjavík 8. janúarmán. 1887.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Jensson.

28. dag febrúarmán. 1887.